

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14

Útboð nr. 15050 – Tæknileg framlínubjónusta

Tilboð í ofangreindu EES útboði Upplýsingatæknibjónustu þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) Reykjavíkur voru opnuð 4. maí 2021.

Markmið samningsins er að semja við aðila sem sér að öllu leyti um tæknilega framlínubjónustu fyrir Tæknibjónustu Reykjavíkurborgar. Markmið Upplýsingatæknibjónustu Reykjavíkurborgar er að hafa nútímalega, skilvirka og hagkvæma tæknilega framlínubjónustu sem uppfyllir kröfur þjónustuþega um farsæla úrlausn, skilgreind þjónustumarkmið og rekstraröryggi, og að henni sé stýrt af þjónustuaðila í samráði við deildarstjóra Tæknibjónustu.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Heildartilboðsverð án vsk fyrir 4 ár		
1 Opín Kerfi hf.	Kr	550.967.040	66,89%
2 Boðleið þjónusta ehf.	Kr	710.736.000	86,29%
Kostnaðaráætlun	Kr	823.680.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki
Opnun tilboða lokið kl. 10:10

Tilboðsfjárhæðin er áætlað heildarverð fyrir 4 ár án virðisaukaskatts, en bjóðendur tiltóku tvö tímagjöld í tilboðsskrá. Fyrri verðið, „Almennt tímagjald“ var það gjald sem bjóðandi bauð fyrir hverja klukkustund í föstu mánaðargjaldi, en kaupandi mun greiða 1.300 klst. inneign á mánuði. Seinna gjaldið er tímagjald „Tímagjald vinnu utan fastagjalds“. Við mat á tilboðum var gert ráð fyrir því að kaupandi þurfi að nota 20% af heildartíma mánaðargjalds í tímagjald utan fastagjalds (þ.e. 260 klst.), en kaupandi er ekki skuldbundinn til að kaupa tíma utan fastagjalds.

Ef kaupandi nýtir ekki alla inneign sína skulu óunnir tímar bætast við þá inneign sem keypt er fyrir næsta mánuð og skapa grunn inneignar til úttektar þess mánaðar. Ef kaupandi óskar eftir vinnu umfram þá inneign sem hann á, þá greiðir hann tímagjald fyrir umframtíma skv. tímagjaldi „Tímagjald vinnu utan fastagjalds“.



Tilboðsskrá

Þjóðandi skal tilgreina það verð sem hann býður í viðkomandi þjónustubátt í dálkinn „Einingaverð án vsk“. Gera skal tilboð í alla þjónustubætti tilboðsskráar. Tilboðsskráin reiknar sjálfkrafa út heildarverð án vsk. fyrir hvern lið og færir sjálfkrafa heildartilboðsverð án vsk. á tilboðsblað.

Vöruheiti	Eining	Áætlað magn á 4 árum	Einingaverð án vsk	Mánaðargjald	Heildarverð án vsk fyrir 4 ár
-----------	--------	----------------------	--------------------	--------------	-------------------------------

Tæknileg framlínubjónusta					
I	Almennt tímagjald (innan mánaðargjalds)	klst.	62.400		0 ISK
II	Tímagjald vinnu utan fastagjalds (valkvæð kaup)	klst.	12.480		0 ISK


Heildartilboðsverð án vsk (færast á tilboðsblað):

0 ISK

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lögstjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lögstjóðandi, Opin kerfi hf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Opinna Kerfa hf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatækniþjónustan leggur til að gengið verði að tilboði frá Opin Kerfi hf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er jafnframt lægsta gilda tilboðið, en samkvæmt útboðsgögnum skal semja við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu.

F.h. Upplýsingatækniþjónustu (UTR)



Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir
Deildastjóri Tækniþjónustu